



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 8. júní 2020  
Tilvísun í mál: R20060063

Til borgarráðs

**Efni: Hönnunarkerfi fyrir stafrænar vörur**

Lagt er fram til samþykktar nýtt hönnunarkerfi sem ná mun yfir allar stafrænar lausnir borgarinnar og gefa möguleika á að þróa ímynd og ásýnd (*e. brand*) hennar almennt. Hönnunarkerfið, sem fengið hefur nafnið Hanna, er samansafn af reglum, hönnunareiningum og leiðsögn fyrir þá sem vinna með veflæg tól, og verður leiðarvísir fyrir þá sem koma að uppsetningu á vefverkefnum fyrir Reykjavíkurborg. Hönnunarkerfið mun draga úr kostnaði við þróun stafrænna lausna, þar sem ekki þarf að kóða eða frumhanna allt frá grunni. Einnig mun það auka þróunarhraða verkefna til muna, þar sem hægt verður að vinna fjölda verkefna á sama tíma. Kerfið er liður í innleiðingu á þjónustustefnu borgarinnar. Með kerfinu verður upplifun notenda af stafrænni þjónustu þægilegri og samræmi milli lausna mun gera alla notkun einfaldari, ekki síst fyrir þá sem nota þjónustuna mikið.

Tengillinn á Hönnu: <https://design.reykjavik.is/>  
Lykilorð: Reykjavik2020

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri